



Ávarp stjórnar- formanns



Kæru hluthafar og aðrir gestir

Þar sem ég hef ekki áður staðið hér í þessu hlutverki þá langar mig að nota tækifærið og kynna mig örstutt, ég heiti Linda Jónsdóttir og tók við sem stjórnarformaður Íslandsbanka síðasta sumar. Eins og þið þekkið þá var það á umbrotatímum í sögu bankans en þegar upp er staðið get ég staðfest að verkefnið hefur verið mjög lærdómsríkt og skemmtilegt enda vinnur hjá bankanum afburða starfsfólk með mikla þekkingu á bankarekstri sem hefur verið mjög gefandi að kynnast og fylgjast með takast á við erfiða tíma. Eins og við vitum öll þá lærum við mest þegar á reynir.

Einnig var ég svo heppin að í stjórn bankans er mjög sterkur hópur fagfólks með dreifðan bakgrunn og mikla þekkingu á fjármálamarkaði. Okkur hefur gengið afar vel að vinna saman og skynja ég mikinn metnað í stjórninni til að nýta tækifærin sem blasa við bankanum sem allra best og halda áfram að efla hann til framtíðar. Þetta var strax ljóst síðasta sumar þegar núverandi stjórn tók hratt og örugglega við keflinu og átti góð samtöl við stjórnendur og setti mark sitt á stefnumörkun og starfsemi bankans frá síðasta hluthafafundi. Það er einnig skýr vilji okkar að eiga greinargóð og skýr skoðanaskipti við hluthafa og aðra hagaðila hér eftir sem hingað til.

Ef við lítum til baka er ekki ofsagt að síðasta ár hafi í senn verið viðburðaríkt og lærdómsríkt í rekstri Íslandsbanka. Mikil vinna hefur farið í umbóta- verkefni en á sama tíma höfum við gætt þess að hugsa einnig um framtíðina, tækifærin og hvernig við viljum sjá bankann þróast. Staða bankans er sterk og á árinu var afkoma bankans með ágætum.

Aðeins meira um árið 2023, það byrjaði vel með innleiðingu á nýrri stefnu sem mótuð var með aðstoð McKinsey og bankinn náði góðum árangri í stafrænni þjónustu. Hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka og framtíðarsýnin að skapa virði til framtíðar með framúrskarandi þjónustu. Settar voru fjórar stefnuáherslur fyrir árin 2023–2025, þjónusta þar sem við viljum valdefla okkar viðskiptavinum svo þeim gangi sem best, gögn þar sem við viljum virkja upplýsingarnar sem eru til staðar, sjálfbærni og starfsfólk þar sem áherslan verður á að vaxa saman.

Framúrskarandi þjónusta í hlutverki bankans þýðir í okkar huga að við erum fær um að veita stafræna þjónustu með einföldum hætti þegar viðskiptavinurinn þarf á þjónustunni að halda. Samhliða þarf persónuleg þjónusta og ráðgjöf að vera öflug fyrir stærri ákvarðanir og við munum halda áfram að styðja viðskiptavinina í þeirra vegferð og áskorunum. Við þurfum að þekkja viðskiptavinum okkar vel, hvað er það sem þá vantar, hvernig getum við unnið vel saman og hvernig nýtum við tækifærin sem best. Einnig finnst okkur mjög mikilvægt að viðhalda fræðslu til okkar viðskiptavina og efla þeirra fjárhagslegu heilsu. Eins og með öll markmið þá nást þau ekki á fyrsta degi en það er mikill metnaður innan bankans um að bæta sig dag frá degi.

Sjálfbærni er áfram ein af fjórum stefnu-áherslum bankans, en óhætt er að segja að væntingar samfélagsins til fyrirtækja á sviði sjálfbærni hafi aukist verulega síðustu misseri. Á árinu voru stór skref tekin í átt að áframhaldandi sam-

þættingu sjálfbærnisjónarmiða í rekstri bankans svo sem mat á sjálfbærniáhættu í lánasafni og uppfærslu á sjálfbærum fjármögnunarramma. Öll þessi vinna miðar að því að bankinn sé betur í stakk búinn til að styðja við upplýsta ákvarðanatöku og stýringu á áhættu, bregðast við auknum kröfum um upplýsingagjöf um sjálfbærni og síðast en ekki síst styðja við viðskiptavinum okkar á þeirra sjálfbærni vegferð. Eitt stærsta tækifæri bankans til þess að vera raunverulegt hreyfiafl til góðra verka er að taka þátt í að fjármagna þá umbreytingu sem þarf að eiga sér stað í íslensku samfélagi til þess að metnaðarfull markmið Íslands á sviði loftlags og jafnréttismála geti náðst. Við munum ekki láta okkar eftir liggja í þeirri vegferð.

Eins og við vitum öll var um mitt síðasta ár gerð sátt við fjármálaeftirlit Seðlabankans vegna sölu á eignarhlut ríkisins í bankanum. Bankinn greiddi háa sekt og skuldbatt sig til að gera ákveðnar úrbætur, til að mynda er varðar hljóðritanir á símtölum starfsmanna, bætt flokkun viðskiptavina og skýrari greiningar á hagsmunaárekstrum og áhættumati verkefna. Í tengslum við þetta urðu breytingar á stjórn bankans og skipt var um bankastjóra. Mikil vinna var lögð í að ná stöðugleika á ný, bæði hjá starfsmönnum bankans og gagnvart viðskiptavinum. Auk þess var mikil áhersla lögð á að ljúka úrbótavinnu í tengslum við sáttina við Seðlabanka Íslands. Í þessa úrbótavinnu hefur starfsfólk bankans sett gríðarlega mikinn kraft og vil ég þakka starfsfólki sérstaklega fyrir árangursríkt starf á þeim vettvangi. Þá var lögð áhersla á að styrkja stjórnarhætti bankans sem styðja við sterka

áhættumenningu nú og til framtíðar. Unnið hefur verið hörðum höndum að bættum vörnum gegn peningaþvætti sem er eitt af þeim atriðum sem enn er ábótavant hjá bankanum. Stórir áfangar náðust á árinu 2023 en ljóst er að úrbótavinnan mun halda áfram á yfirstandandi ári. Allt mun þetta skila sér til frambúðar og er í raun nauðsynlegur grunnur þess að bankinn sé tilbúinn að takast á við framtíðartækifæri.

Á hluthafafundi í júlí var ný stjórn kjörin þar sem við komum fjögur ný inn í stjórn bankans. Það er mikið lærdómsferli að setjast í stjórn banka og því ætti frekar að heyra til undantekninga að mínu mati að breytt sé um svo stóran hluta stjórnar á sama tíma, hreyfingar á stjórn er mögulega eitthvað sem þarf að útfæra betur þegar einungis er kosið til eins árs í senn. Ég hef hins vegar fullan skilning á þeim aðstæðum sem kölluðu á þessar breytingar. Það hafa einnig orðið töluverðar breytingar á framkvæmdastjórn bankans með blöndu af fólki innan bankans og aðilum sem koma með þekkingu úr öðrum fyrirtækjum innanlands og utan. Mikilvægt er að nýjar hugmyndir og áherslur komi inn í bankann á sama tíma og byggt er á þeirri þekkingu sem fyrir er. Við erum sannfærð um að þetta mikla og í raun kostnaðarsama lærdómsár verði til þess að styrkja enn frekar rekstur bankans til framtíðar.

Eldsumbrot á Reykjanesi og áhrif þeirra á fólk og fyrirtæki í Grindavík, bæði viðskiptavinum bankans og aðra settu mark sitt á árið 2023. Bankinn hefur lagst á árar um að liðka um fyrir Grindvíkingum og eyða óvissu eins og hægt er. Bankinn kappkostar að vera sterkur bakhjarl með sínum viðskiptavinum þegar erfiðleikar steðja að.

Efnahagsumhverfið var krefjandi á síðasta ári þegar hagkerfið hóf aðlögunarskeið eftir kröftugan vöxt

undanfarin ár. Ferðaþjónustan hefur jafnað sig að mestu eftir COVID faraldurinn og er aftur í forystu meðal útflutningsgreina þjóðarbúsins. Miklar vaxtahækkningar hafa á hinn bóginn dregið úr krafti efnahagslífsins heilt yfir og vonum við að Seðlabankinn nái að stýra hagkerfinu í mjúka lendingu. Það er afar ánægjulegt að bankinn hefur ekki séð áhrif vaxtalækkana koma fram í auknum van-skilum, nokkuð sem gefur góða vísbendingu um styrk heimila og fyrirtækja.

Ekki verður komist hjá því að nefna að aðstæður á bankamarkaði hérlendis eru mjög ólíkar því sem alþjóðlegir samkeppnisaðilar okkar starfa við, en eiginfjárkröfur íslenskra banka eru með því hæsta sem þekkest. Þetta skerðir samkeppnisstöðu okkar gagnvart erlendum samkeppnisaðilum. Þá verður einnig að muna að skattheimta á íslensk fjármálafyrirtæki er hærri en á önnur hlutafélög. Erfitt er að rökstyðja af hverju bankar greiða 6% tekjuskatt umfram önnur hlutafélög eða bankaskatt sem er verulega hærri en gerist í nágrannalöndunum. Allar þessar umframálögur kalla að öðru jöfnu á aukinn vaxtamun og þar með hærri vaxtakjör fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Okkur þykir afar mikilvægt að mótuð verði skýr sýn á hvernig framtíðareignarhald og landslag á fjármálamarkaði á að líta út og eru það gleðitíðindi að þessi málefni eru að fá meiri athygli hjá ríkisstjórninni. Þetta er viðeigandi þar sem eignarhald ríkisins á bankastarfsemi er í hæstu hæðum á Íslandi. Manni bregður þegar maður sér samanburðartölur á opinberu eignarhaldi á viðskiptabönkum milli landa þar sem einungis Indland og Kína eru með hærra eignarhald hins opinbera í fjármálafyrirtækjum en Ísland. Ljóst er að á íslenskum markaði eru tækifæri. Spennandi verður að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér í þeim eignum og ósk mín

er að ekki muni fleiri fyrirtæki færast undir eignarhald ríkisins. Það er ekkert launungamál að starfsmenn bankans og stjórn eru mjög áhugasöm um þær breytingar á eignarhaldi sem ráðherra hefur boðað og tel ég að það sé mikilvægt að vinda sér í það verkefni sem allra fyrst þar sem það er aldrei gott að hafa yfirvofandi of lengi svona mikilvægt verkefni verandi skráð félag með innlenda og erlenda hluthafa.

Staða bankans er sterk

Staða Íslandsbanka er mjög sterk og bankinn hefur lagt mikla áherslu á að standa með viðskiptavinum sínum í krefjandi efnahagsumhverfi. Eiginfjárstaða bankans er sömuleiðis sterk og afstaða láns hæfismatsfyrirtækja til bankans endurspeglar jákvætt viðhorf til undirliggjandi rekstrar. Reksturinn hefur verið stöðugur og arðsemi eigin fjár yfir markmiðum, en á árinu 2023 nam hagnaður af rekstri bankans 24,6 milljörðum króna.

Tekjur af kjarnastarfsemi eru enn stærstur hluti tekna bankans, gæði eigna eru góð og gæði útlána mikil. Bankinn stendur því á traustum grunni og er tilbúinn í að ráðast áfram í verkefni með viðskiptavinum sínum.

Minni verðbólga og lækkandi vextir sem útlit er fyrir á þessu ári verða án efa kærkomin heimilum og fyrirtækjum landsins og með þróuninni er útlit fyrir að kaupmáttur launa vaxi nokkuð á árinu þrátt fyrir hægari nafnhækkun launa en verið hefur síðustu misseri. Raunvextir verða þó líkast til nokkuð háir allt þetta ár, sem mun draga úr fjárfestingarvilja fyrirtækja og hvetja almenning til sparnaðar fremur en verulegrar aukningar í neyslu.

Mikil tilfærsla hefur verið úr óverðtryggðum lánum yfir í verðtryggð lán þar sem viðskiptavinir, bæði heimili og fyrirtæki, leita í viðráðanlegri greiðslubyrði. Bankinn fylgist vel með stöðu viðskiptavina sinna og hefur reynt að koma til móts við þá eins og hægt er, meðal annars með fræðslu um leiðir til að lækka greiðslubyrði.

Tillögur til aðalfundar

Áður en fundarstjóri fer yfir tillögur til aðalfundar í samræmi við þau gögn sem fyrir fundinum liggja þá langar mig að tæpa á nokkrum punktum í tengslum við helstu tillögur.

1. Stjórn bankans leggur til að um 12 milljarðar króna af hagnaði ársins 2023 verði greiddir í formi arðs til hluthafa sem samsvara um 50% af hagnaði ársins 2023 og er í samræmi við langtímastefnu bankans um u.þ.b. 50% arðgreiðsluhlutfall
2. Bankasýsla ríkisins og tilnefningarnefnd gera tillögu um að stjórn bankans verði skipuð sjö einstaklingum í aðalstjórn og tveimur varamönnum. Mig langar að taka fram varðandi stjórnarkjörið að tilnefningarnefnd bankans fór í ítarlega vinnu til þess að tryggja að stjórnin væri samansett af rétttri blöndu af einstaklingum. Utanaðkomandi aðilar í tilnefningarnefndinni, Hilmar Hjaltason og Helga Valfells, tóku viðtal við alla stjórnarmenn og lögðu mat á hæfniskilyrði frambjóðenda, reynslu og samsetningu stjórnarinnar. Einnig bauð tilnefningarnefnd hluthöfum upp á samtal sem margir þáðu. Til að fara aðeins yfir helstu breytingar í stjórn frá því síðasta sumar. Í byrjun þessa árs hætti Frosti Ólafsson í stjórninni út af starfi sínu fyrir Mckinsey. Mig langar að þakka honum fyrir hans mikilvægu störf í þágu

bankans undanfarin fjögur ár. Anna Þórðardóttir gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórninni og langar mig að þakka henni fyrir frábært starf í þágu bankans. Það er mikill missir af Önnu og hefur hún staðið vaktina síðastliðin átta ár af mikilli fagmennsku. Bankasýsla ríkisins gerir að tillögu sinni að Agnar Tómas Möller, Haukur Örn Birgisson og Valgerður Skúladóttir verði kjörin í stjórn bankans. Tilnefningarnefnd gerir síðan að sinni tillögu að Helga Hlín Hákonardóttir, Stefán Pétursson og Stefán Sigurðsson og ég sem formaður stjórnar taki sæti í stjórn bankans og að Páll Grétar Steingrímsson verði kjörinn varamaður.

Þó að við höfum látið þetta skipulag með tvær tilnefningarnefndir ganga upp með miklum vilja tilnefningarnefndar bankans og bankasýslunnar þá langar mig samt að nefna að þetta er klárlega ekki skilvirkasta og besta leiðin til þess að keyra tilnefningarnefndir í banka að mínu mati. Til að flækja málið enn frekar þá kys bankasýslan aðeins þá fulltrúa sem hún tilnefnir. Við óskuðum eftir breytingu á þessu fyrirkomulagi, en var tjáð að til þess þyrfti lagabreytingu og vegna boðaðra breytinga á eignarhaldi ríkisins vildi Bankasýslan ekki fara í það verkefni á þessum tímamarki.

3. Stjórn leggur til hóflega hækkun launa stjórnarmanna eða um 3,25% frá fyrra ári og einnig að þátttakendum í starfi undirnefnda verði greitt fyrir hverja nefnd sem þeir sitja í. Tillaga um hækkun er hófleg og í takt við nýgerða kjarasamninga og kjarasamninga-umræður í þjóðfélaginu. Þrátt fyrir mikla umræðu um ofurlaun stjórnarmanna þá er staðreyndin sú að stjórnarstörfum í banka fylgir mikil vinna, mikil ábyrgð og gríðarlega

mikilvægt að í þessi störf veljist fólk með sterkan bakgrunn og mikla þekkingu og reynslu úr viðskiptalífnum. Að mínu mati er þetta eitt af þeim málefnum sem þarf að endurskoða á Íslandi til þess að tryggja að viðskiptalífið haldi áfram að taka mikilvæg framfararskref. Árið 2023 var umrótaár hjá bankanum en til að gefa betri innsýn þá voru stjórnarfundir á árinu 2023, 36 talsins auk nefndarfunda. Ég vil einnig í þessu samhengi nefna að einungis bárust tólf framboð til aðalstjórnar bankans en fimm þeirra voru síðar dregin til baka.

4. Einnig liggur fyrir fundinum tillaga að uppfærðri starfskjarastefnu, að þessu sinni með litlum breytingum og færri en stjórnin hefði viljað leggja til. Það er vilji stjórnar og framkvæmdastjórnar að taka varkár en mikilvæg skref í breytingum hvað varðar starfskjarastefnu bankans og árangurstengingu launa. Því miður náðist ekki að gera þær breytingar núna vegna eignarhalds ríkisins en þetta er mikilvægur þáttur í vegferð bankans og til þess að geta verið samkeppnishæfur um starfsfólk á íslenskum fjármálamarkaði. Eftir umræður á seinni hluta þessa ár þá er ljóst að þessar breytingar þarf að gera í tilteknum skrefum og haldast í takt við breytingar á eignarhaldi ríkisins. Breytingarnar sem lagðar eru til nú endurspeglar fjölbreytt eignarhald bankans en felldar eru út tilvísanir til eigendastefnu ríkisins fyrir fjármálaframtækni. Ekki þykir við hæfi að vísa til eigendastefnu eins hluthafa fremur en annarra í starfskjarastefnunni. Stjórn bankans þykir mikilvægt að gætt sé að jafnræði hluthafa að þessu leyti enda æ algengara að stofnanafjórðing setji sér og birti eigenda-eða hluthafastefnu og hafi skýrar skoðanir á stefnumörkun á sviði starfskjara og annarra málefna sem ekki er ástæða til að gefa annan

- eða minni gaum en stefnu Bankasýslunnar.
5. Tillaga um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar. Stjórn leggur til breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar til samræmis við ákvæði 53. greinar laga um fjármálafyrirtæki. Stjórn leggur einnig til breytingu í þá átt að hluthafafundur kjósi tilnefningarnefnd fremur en að stjórn bankans sjái ein um að skipa hana þar sem það er að mati stjórnar mun betra fyrirkomulag og endurspeglast í umræðu almennt meðal hluthafa og annarra hagaðila. Auk þess er lagt til að tveir varamenn verði í nefndinni til að bregðast við aðstæðum þar sem fulltrúar í nefndinni geta af einhverjum ástæðum ekki tekið þátt í störfum hennar. Lagðar eru til breytingar á samþykktum bankans til samræmis.
 6. Aðrar tillögur sem fyrir fundinum liggja fjallaum endurnýjun heimildar til kaupa á eigin bréfum, að KPMG verði kjörið endurskoðunarfyrtæki bankans, og um skipan í tilnefningarnefnd og þóknun nefndarmanna
 7. Loks leggur stjórn til að aðalfundur bankans kjósi Pál Grétar Steingrímsson, löggiltan endurskoðanda, sem utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefndar bankans.

Að lokum langar mig að þakka því frábæra fólki sem hjá bankanum vinnur. Birna Einarsdóttir, bankastjóri til 15 ára og starfsmaður til 30 ára, kvaddi bankann í fyrrasumar og fyrir hönd stjórnar þakka ég fyrir hennar mikilvæga framlag í öll þessi ár þar sem jafnrétti og sjálfbærni varð sterkur hluti af menningu bankans. Sömuleiðis þakka ég Jóni Guðna Ómarssyni sem tók við keflinu á umbrotatíma og hefur stýrt bankanum af festu. Jón Guðni hefur með einlægni og áræðni tekist að fara með bankann í gegnum umbóta og uppbyggingartímabil og leiðir bankann nú inn í spennandi tíma þar sem

áherslur verða settar á að vinna náið með viðskiptavinum okkar í að auka vöruframboð bankans og nýta þau tækifæri sem eru til staðar á markaðnum. Ég vil þakka stjórn bankans fyrir hennar frábæra framlag og sýnilegan eldmóð í að leggja sitt að mörkum í að marka vegferð bankans á jákvæðan hátt. Ég vil líka þakka starfsfólki bankans fyrir þeirra störf, því þó að um tíma hafi blásið á móti í opinberri umræðu um bankann hefur frábært starfsfólk haldið tryggð við stefnu bankans um góða þjónustu, unnið að úrbótum og verið staðfast á þeirri vegferð sem á endanum skilar sér í enn sterkari stoðum og getu til að nýta þau tækifæri sem til staðar eru. Við horfum björtum augum fram á veginn og hlökkum til að halda áfram að vera hreyfiafl til góðra verka og styðja við þarfir viðskiptavina okkar og samfélagsins alls.

Takk fyrir áheyrnina.